

Nd.

532. Frumvarp til laga

[7. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 7 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsildar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsild.
- b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:
 - 1) 50% skal veitt sem lán til hagræðingar- og framleiðniaukningar í fiskiðnaði. Lánin skulu fyrst og fremst veitt til kaupa á vélum og tækjum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Óheimilt er að veita lán þessi til greiðslu rekstrarskulda eða annars sem telja verður til venjulegs rekstrar. Endurgreiðsla lána þessara með vöxtum skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
 - 2) 40% skal varið til að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána samkvæmt nánari reglum sem stjórn Fiskveiðasjóðs setur.
 - 3) 10% skal renna í Aldurslagasjóð fiskiskipa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.